

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	03.09.2015
Málalýkill	10.11
Mál nr.	1509059

Garðabær
Tækni-og umhverfissvið
B.t. Eysteins Haraldssonar bæjarverkfræðings
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Garðabær 27.08.2015

Efni: Hljóðvist við Neðra Lundahverfi – Vífilsstaðavegur.

Ágæti Eysteinn.

Eins og alkunna er þá hefur umferð um Vífilsstaðaveg í Garðabæ þyngst mikið í tímans rás. Kemur þar margt til en rót þess má auðvitað rekja til nokkurra þátta:

- Hrein fjölgun íbúa í Garðabæ.
- Bygging Reykjanesbrautar.
- Skipulagsákvæðanir í Kaupúni.
- Uppbygging Urriðaholts

Allt er þetta þróun sem hefur verið á valdi skipulagsyfirvalda í Garðabæ en íbúar við Vífilsstaðaveg hafa lítið sem ekkert haft um að segja í tímans rás. En afleiðingar þessara ákvæðana koma íbúum við Vífilsstaðaveg beint við í formi umferðar. Og fyrirsjáanlegt er að umferð um Vífilsstaðaveg aukist enn frekar eftir því sem uppbyggingu Urriðaholts miðar sem og styrkingu Kaupúns sem verslunar- og þjónustuvæðis. Og er þá ekki tekið með í reikninginn hugsanlegt fótboltahús í Vetrarmýri sem myndi óhjákvæmilega valda enn meiri umferðarþunga á Vífilsstaðaveg.

Er nú svo komið að hljóðmengun frá Vífilsstaðaveg til aðliggjandi húsa neðst í götunum Reynilundi, Hörgslundi og Hofslundi er hreinlega orðin óbærileg og fyrirséð að ástandið muni ekkert gera nema versna. Vífilsstaðavegur snýr að suðurhlið og garði umræddra húsa. Íbúar sæta því núna að þjóðvegsumferð er örfáum metrum frá garði þeirra og stofum þar sem hávaði hennar gengur alveg óhindrað yfir.

Samkvæmt viðauka við reglugerð nr. 724/2008 er hámarks viðmiðunargildi vegna umferðarhávaða í íbúabyggð 55 db. Samkvæmt 7. gr. reglugerðarinnar er viðmið heilsuspillandi hávaða 85 db. Einn íbúa ofangreindra húsa hefur gert hávaðamælingu með vönduðu mælitæki í miðjum garði sínum og náði hávaði 84 db. Ekki bara er hávaði sem íbúar þurfa að sæta langt umfram það mark sem miða skal við í ofangreindri reglugerð heldur er hann komin á heilsuspillandi mörk. Jafnframt þessu er augljóst að íbúar hafa ekki eðlileg not af eignum sínum, s.s. garði heldur rýrir þessi hljóðmengun líka verðmæti fasteigna hjá íbúum enda er augljóst að hugsanlegir kaupendur setja þessa hávaðamengun fyrir sig. Er reyndar komið að þeim mörkum að seljandi fasteignar á þessum stað bæri upplýsingaskyldu að lögum gagnvart hugsanlegum kaupanda um galla á fasteigninni, þ.e. hávaða á eigninni langt umfram lögfest viðmið. Íbúar umræddra húsa geta ekki lengur við þetta ástand unað.

Samkvæmt aðgerðaáætlun gegn hávaða 2013-2018 sem gefin var út af Garðabæ og Vegagerðinni í ágúst 2013 þá er tiltekið á bls. 11 að á aðgerðaáætlun Garðabæjar séu hljóðvarnir beggja megin Vífilstaðavegar og að stefnt skuli að því að ekkert íbúðarhúsnæði búi við hærra hljóðstig en 55db. Jafnframt er tiltekið að framkvæmdum við þessar hljóðvarnir skuli forgangsraða þar sem hljóðstig reiknast hvað hæst. Nú liggur fyrir hvernig bæjaryfirvöld forgangsroðuðu þessum hljóðvörnum við Vífilstaðaveg þar sem byggðir hafa verið veggir við allan sunnanverðan Vífilstaðaveg og jarðvegsmön við norðanverðan Vífilstaðaveg milli Efstalundar og Espilundar. Húsin milli Reynilundar og Hofslundar, sem þó eru einna næst Vífilstaðavegi og með aðliggjandi suðurgarða og stofur að veginum hafa því augljóslega verið metin neðarlega á forgangslista bæjarins. Hljóðvist þeirra húsa versnaði reyndar eftir að veggurinn var byggður við sunnanverðan veginn enda endurkasta þeir veggir hljóði yfir veginn.

Fyrir hönd íbúa er þess krafist að erindi þetta verði lagt fyrir bæjarstjórn án ástæðulausrar tafar og að bygging hljóðmanar norðan Vífilstaðavegar milli Reynilundar og Hofslundar verði sett í algeran forgang hjá bæjaryfirvöldum. Þaðan fari málið í framkvæmdafarveg í samráði við íbúa Reynilundar 11-17, Hörgslundar 11-19 og Hofslundar 11-19. Jafnframt er það krafa íbúa að hljóðvörn verði öflug og byggji á jarðvegsmön, t.d. með byggingu steypis eða hlaðins hljóðveggjar við Vífilstaðavegin og jarðvegssfláa frá þeim vegg að húsunum.

Neðangreindir íbúar lýsa sig tilbúna til að funda með forsvarsmönnum Garðabæjar til að ræða hvernig og hvenær úr ástandinu verði bætt. Sömuleiðis búast neðangreindir íbúar við viðbrögðum við bréfi þessu hið fyrsta.

Undir þetta bréf rita eigendur/íbúar allra húsa sem liggja að Vífilstaðaveg í Reynilundi, Hörgslundi og Hofslundi ásamt undirrituðum sem er íbúi í Reynilundi 11.

Virðingarfyllst,



Valdemar Johnsen hdl.


Reynilundi 11

valdemar.johnsen@gmail.com


Reynilundi 11



Reynilundi 13


F. H. Jónsson
Ólafur P. Pásson



Reynilundi 15


Sigurbjörg D. Jónsdóttir
Sigurbjörg D. Jónsdóttir

Reynilundi 17


Ólafur P. Pásson
Ólafur P. Pásson

Hörgslundi 11


Ólafur P. Pásson
Ólafur P. Pásson

Hörgslundur 13		--	
Hörgslundur 15	Ólafur Ólafsson	--	Páll Sigurðsson
Hörgslundur 17	Vigdís Ó. Hóskuldur	--	Gerður Einar
Hörgslundur 19	Alfreður Pálsson	--	Ólafur Pálsson
Hofslundur 11	Ólafur Pálsson	--	Ólafur H. Magnússon
Hofslundur 13	Ólafur Pálsson	--	Ólafur Pálsson
Hofslundur 15	Ólafur Pálsson	--	Ólafur Pálsson
Hofslundur 17	Ólafur Pálsson	--	Ólafur Pálsson
Hofslundur 19	Ólafur Pálsson	--	Ólafur Pálsson

Afrit sent til:

Gunnars Einarssonar, bæjarstjóra

Sigríðar Huldu Jónsdóttir, forseta bæjarstjórnar